

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 100 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 18. janúar 2022 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Aníta Jóhannsdóttir og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Birna Víðó Þórsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Rekstrarskýrsla 2021 - drög.**

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að rekstrarskýrslu ársins 2021. Honum er þökuð yfirferðin.

2. **Starfsmannamál – framhald frá síðasta fundi.**

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð.

3. **Landeyjahöfn - dýpisvandamál.**

Í vikunni kom í ljós að dýpið í Landeyjahöfn er ekki nægjanlegt til að halda úti siglingum þangað skv. áætlun. Siglingar eru því háðar sjávarföllum, ölduhæð, öldulengd og veðri sem hefur verið með versta móti í langan tíma með ríkjandi sunnanáttum og sandburði í meira magni en verið hefur undanfarin misseri.

Stjórn Herjólfss ohf. hefur af því áhyggjur að þegar sandburður og veður eru eins og þau hafa verið, að tækjabúnaður og tæknileg geta dýpkunarskips Björgunar sé með þeim hætti að of langan tíma taki að opna höfnina aftur. Stjórn Herjólfss ohf. skorar því á Vegagerðina að vega tæknilega getu, tækjabúnað og skipakost með þeim hætti að þau ráði við verkefnið við þær krefjandi aðstæður sem myndast geta við Landeyjahöfn í því útboði sem framundan er.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

4. **Önnur mál -innkomið bréf.**

Rætt um innkomið bréf, ásamt fylgigögnum. Lögmanni félagsins falið að svara bréfinu f.h. stórnar.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 1. febrúar 2022.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 13:20.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.